

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
netf. nefndasvid@althingi.is

Skaftárhreppi, 17. desember 2023

**Varðar: Tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038.  
535. mál; stjórnartillaga.**

Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi þakkar erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um ofangreint mál. Skilafrestur þeirra var föstudaginn 15. desember, en með tölvupósti til nefnda- og greiningarsviðs Alþingis óskuðu samtökin eftir fresti fram á sunnudaginn 17. sama mánaðar, sem var veittur. Ítrekaðar eru þakkir fyrir það, og fara athugasemdir Eldvatna hér á eftir.

## Almennt um þingsályktunartillöguna:

Í október sl. sendu Eldvötn inn athugasemdir við drög að hvítbók um skipulagsmál, en þar telur stjórn samtakanna að skýrar hefði þurft að koma fram að um endurskoðun landsskipulagsstefnu væri að ræða, og gerði þar alvarlegar athugasemdir við kynningarferlið. Eiga þær áfram við nú, og fara hér eftir lítt uppfærðar.

Eitt er það að ekki var áberandi út á við að um endurskoðun landsskipulagsstefnunnar ræddi, þ.e. það kom aðeins fram í undirtitlinum, sem fer fram hjá mörgum – og raunar var ekki almennilega sýnilegur nema málið væri opnað á samráðsgátt stjórnvalda. Eins það að fyrsta umsagnarferlið, þ.e. grænbókin, var til umsagnar yfir hásumarið, þegar fólki má ljóst vera að umsagnir skila sér illa. Ekki er það til bóta að umsagnartíminn við þingsályktunartillöguna nú kemur ofan í jólaannríki landsmanna, sem þykir óheppilegur tími ef áhugi á vönduðu samráði er raunverulegur.

Nr:5-167/2023 20.09.2023

**Drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatskýrsla**

Samráðsáæðuneytið kynnir til umsagnar hvítbók um skipulagsmál – drög að landsskipulagsstefnu til 15 ára og aðgerðarættun til minna...

🏠 [Tilvísun að umfjörðun](#)

📅 Til umsagnar: 20.09.2023 – 31.10.2023

📄 Drög að stefnu

*Skjáskot af samráðsgátt stjórnvalda, tekið 31.10.2023. Hér blasir ekki beinlínis við að um endurskoðun landsskipulagsstefnu ræði.*

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Stjórn Eldvatna brá í brún, og þótti það kóróna ferlið á fyrri stigum, er hún varð þess áskynja við lokafrágang athugasemda við hvítbókina að ráðherra hafði í miðju endurskoðunarferlinu, þ.e. á milli umsagnatímabila draga að grænbók og hvítbók, felld burt reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011, þar sem m.a. var kveðið á um samráðsvettvang með þátttöku ýmissa, þ.á.m. náttúru- og umhverfisverndarsamtaka. Harma Eldvötn það mjög.

Framanritað er í besta falli hjákátlegt þegar greinar um samráð í þingsályktunartillögum eru skoðaðar;

Áhersla B.3 í kafla III um markmið, áherslur og mælikvarða:

„Skipulag tryggi tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. (M, D, Þ, H)
2. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika ólíkra félagshópa til þátttöku. (M, D, Þ, H)
3. Hugað verði að skýrri og góðri framsetningu skipulagsgagna sem auðvelda almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra. (M, D, Þ, H)“.

Stjórn Eldvatna bendir á að „hér fara ekki saman hljóð og mynd“, eins og stundum er tekið til orða.

**Að framansögðu endurtekur stjórn Eldvatna nú áskorun sína og beinir því til þingmanna að vísa þingsályktunartillögum frá vegna óvandaðs samráðs, sjá til þess að ferlið við undirbyggingu þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu verði endurtekið með fagmennsku og lýðræði að leiðarljósi og því lokið með sóma áður en lengra er haldið.**

Landsskipulagsstefna er ákaflega mikilvæg stefnumarkandi áætlun því að hún leggur línurnar varðandi skipulagsvinnu sveitarfélaganna. Eldvötn leggja áherslu á að vanda þarf til verka hvað kynningarferlið varðar, með sæmandi samráði og sanngjörnum umsagnartímum. Aldrei verður of oft á því tuggið að því betra sem samráð er, og þá samstaða, því meiri verða gæði afurðarinnar og hún líklegri til að virka. Á það hafa Alþjóða náttúruverndarsamtökin, IUCN, lagt ríka áherslu um árábil, og bent á að því betra sem samráðið er, því meiri verða gæði afurðarinnar.

Hvað skrif umsagna varðar ber að hafa í huga að umsagnaraðilar eru breiður hópur og að þeirra á meðal eru alls ekki allir í vinnu á fullum launum við að leggja yfir þykkar skýrslur og umsagnaskrif. Einstaklingar og flest félagasamtök sem leggja áherslu á langtíma- og heildarhagsmuni og nálgast málin út frá náttúruvernd vinna þessa vinnu gegnumgangandi í eigin frítíma, launalaust. Sú er einmitt raunin nú, þriðja sunnudag í aðventu, þegar lokahönd er lögð á þá umsögn sem hér er rituð.

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Stjórn samtakanna bykir þingsályktunartillagan gegnumgangandi ansi nýtingarmiðuð, á kostnað verndar náttúru og umhverfis – ekki síst miðhálandisins – og bykir það afar miður. Hvetja Eldvötn til þess að úr þessu verði bætt, af ábyrgð og með sóma.

Hvað eftirfarandi umsögn varðar, þá lagði stjórn Eldvatna helst áherslu á að skoða þá þætti er snúa beint að náttúru og umhverfi; þá ekki síst á miðhálandinu. Samtökin telja sig eiga ríkra hagsmuna að gæta þar sem verndun náttúru Skaftárhrepps er helsta baráttumál samtakanna. Skaftárhreppur er þriðja stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli og mjög stór hluti þess telst til hálandisins.

## Miðhálandið

Í þingsályktunartillögunni er gegnumgangandi gengið út frá því að aukið álag kalli á aukna uppbyggingu innviða fyrir samgöngur og ferðapjónustu á miðhálandinu. Í kafla 2.5 í greinargerðinni, er fjallar um landnotkun á miðhálandi Íslands, segir m.a.: „Aukið álag getur m.a. falið í sér þörf fyrir uppbyggingu innviða fyrir samgöngur og ferðapjónustu, en samhliða slíkri uppbyggingu þarf að tryggja að hún rýri ekki hefðbundin not og upplifun, vernd óbyggðra víðerna, mikilvægra landslagsheilda og náttúru miðhálandisins.“

**Eldvötn benda á að hér er um algjörar andstæður að ræða, sem aldrei geta gengið upp, og furða sig mjög á slíkri framsetningu.**

Öræfanna á miðhálandi Íslands er afar brýnt að líta til sem einnar samfelldrar heildar og standa vörð um. Sérstaða þess og verðmæti felast í einstakri síkvikri náttúru, óviðjafnanlegum andstæðum í landslagi og víðernum sem talin eru meðal síðustu stóru víðerna Evrópu. Ábyrgð okkar sem þjóðar á vernd þeirra er því afar rík í alþjóðlegu samhengi og verður það aldrei aftur tekið ef þau verða bútuð niður af mannvirkjum, sem samkvæmt öllum skilgreiningum víðerni skera þau og skerða. Sú er ekki raunin í dag, enda hálandisvegir í dag af einföldustu gerð og þeir, sem og fjallaskálar, innan marka óbyggðaupplifunar.

Eldvötn benda á að meðal verndarmarkmiða náttúruverndarlaga nr. 60/2013, 3. gr., er **að standa vörð um óbyggð víðerni landsins** (feitletrun er okkar). Sér það hver sem vill að þau verða ekki samtímis vernduð til framtíðar og skorin af ágengum innviðum.

Þolmörk og greining þeirra eru nefnd á nokkrum stöðum í þingsályktunartillögunni. Er það vel, en Eldvötn benda á að það mikilvægasta vantar sárlega, þ.e. stefnu/áætlun um viðbrögð ef farið er yfir þolmörk. Afar brýnt er að landsskipulagsstefnan sé skýr hvað varðar tegund ferðamennsku á hálandinu, og þá hver viðbrögð skuli vera ef þolmarkarannsóknir leiða í ljós að mörkum verði eða hafi verið náð. Auðveldasta leiðin gæti virst sú að auka við innviði til verndar náttúrunni, en við það breytist andi staðarins og fjöldaferðamennska er undirbyggð. Þeir ferðamenn sem áður löðuðust að hinu einstaka svæði í leit að öræfaupplifun hrökklast frá. Þetta er frekar einfalt mál að átta sig á ef vilji er fyrir hendi, en eðli málsins samkvæmt hafa aðilar með fjárhagslegan

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

ávinning aðra sýn á uppbyggingu. Stjórnvöld mega ekki undir nokkrum kringumstæðum láta þá draga vagninn og fórna þannig friðhelgi víðernanna til framtíðar.

Rannsóknir dr. Önnu Dóru Sæþórsdóttur o.fl. á ferðamennsku hafa með óbyggjandi hætti sýnt að ferðamenn sækjast eftir óbyggðaupplifun á miðhálandi Íslands; víðernum þar sem njóta má kyrrðar í fámenni. Stýring ferðamennsku í slíku umhverfi er afar vandmeðfarin og þarf að vinna af kostgæfni. **Undirbygging fjöldaferðamennsku af nokkru tagi á ekki við á víðernum hálandisins, heldur skyldi styrkja slíka í byggð.**

Hvað samgöngur á miðhálandinu varðar er það að segja að malarvegir og óbrúaðar ár eru ekki aðeins hluti eftirsóknarverðrar, fágætrar upplifunar, heldur einnig leið til stýringar ferðamanna og þannig náttúruvernd í sjálfu sér. **Varað er við stefnumörkun um að gera vegi um miðhálandið fólksbílafæra með tilheyrandi umferðarbunga og mannmergð.** Bent er á að í Bandaríkjunum eru dæmi um að farið sé að taka malbik af vegum í þjóðgörðum til að skapa „trekt“ inn á svæði. Meginþema, í takt við það sem hér að framan hefur verið sagt, verður að vera að halda hálandinu lágstemmdu.

**Eldvötn telja brýnt að allir sem að skipulagi á miðhálandinu koma geri sér fulla grein fyrir því hvers eðlis þetta umhverfi er og hvaða verðmæti eru í húfi.**

**Í þessu samhengi telja samtökin einnig ástæðu til að árétt á að vernd óbyggðra víðerna er bundin í náttúruverndarlög nr. 60/2013, sem landsskipulagsstefna getur ekki undir nokkrum kringumstæðum gengið gegn.**

**Samtökin árétt mikilvægi þess að náttúruvernd verði ætíð höfð í heiðri við allt stefnumarkandi skipulag hálandisins, að sjálfbær þróun verði ávallt höfð að leiðarljósi og að nýting innan hálandisins verði þannig ekki á kostnað þeirra náttúrugæða sem það býr yfir. Samtökin leggja áherslu á að standa ber vörð um allt hálandi Íslands heildstætt og horfa til verndunar og tækifæranna sem í þeim felast. Náttúruvernd er nýting í sjálfu sér.**

## **Þörf á uppfærslu/leiðréttingu á afmörkun miðhálandisins**

Í samhengi við lið 3.2 á bls. 33 um skipulag miðhálandisins, nánar tiltekið í undirkafla um afmörkun miðhálandisins, bendir stjórn Eldvatna á - og leggur þunga áherslu á - að hana þarf að uppfæra/leiðrétta m.t.t. úrskurðar er féll eftir að mörkin voru sett fyrir síðustu aldamót, þannig að mörkin fylgi alls staðar skilum þjóðlenda og heimalanda, en byggi ekki á úreldum gögnum sem lýsa stöðu mála við gerð svæðisskipulags miðhálandisins fyrir 25 árum. Sérstaklega er bent á mikilvægi Álftaversafréttar austan Mýrdalsjökuls í þessu samhengi. Skv. úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 7/2003, frá 10. desember 2004, er svæðið norðan Leirár og vestan Hólmsár þjóðlenda og afréttur. Af þeim sökum á það landsvæði án nokkurs vafa að vera innan marka miðhálandisins.

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Álftaversafréttur er hluti mikilvægrar samfellu; merkrar heildar náttúru og landslags. Hann einkennist af síkvikri náttúru eldvirka beltisins, þar sem land er í mikilli og hraðri mótun af völdum stórkostlegra náttúruafla. Um svæðið hafa farið hamfaraflóð frá Eldgjá í Kötlueldstöðinni og jarðsöguna og samhengi hennar má lesa um allt svæðið. Hraunflóð, m.a. frá Eldgjárgosinu mikla um 940, hafa runnið um Álftaversafrétt þar sem nú er farvegur Hólmsár.

Þá státar hann af óröskuðum vatnasviðum sem einkar mikilvæg eru heilbrigðu vistkerfi og þeirri mikilvægu þjónustu sem þau veita í náttúrunni. Þau eru mikil auðlind sem ber að vernda, enda heyra óröskuð vatnasvið orðið til algerra undantekninga á heimsvísu. Á það skal bent að efsti hluti Hólmsár og vatnasvið hennar, ofan Einhyrnings á Álftaversafrétti, hefur verið friðlýst á grundvelli flokkunar svæðisins í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar).

Vernd svæðisins austan Mýrdalsjökuls er verðmæt óbyggðafærðþjónustu og útivist til framtíðar. Fjallvegurinn Öldufellsleið, af mörgum talin einn hinn fegursti sinnar gerðar, liggur um svæðið, og tengist Fjallabaksleið syðri. Aðgengi að því er almennt betra en gengur og gerist á hálendinu stóran hluta ársins.

## Um einstaka liði þingsályktunartillögunnar:

- **Yfirstrikaðir þættir falli út, en feitletruðum verði bætt inn.**

## Kafli III; markmið, áherslur og mælikvarðar

### Áhersla A.5

1. Í skipulagi verði sérkennum miðhálandisins og sérstæðri náttúru þess viðhaldið með áherslu á verndun víðerna hálandisins og landslagsheilda. Við skipulagsgerð verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni hálandisins ~~sem minnst ekki~~. Jafnframt verði **unnið að kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna þar sem þess er kostur.**

2. Til grundvallar stefnumörkun á miðhálandinu verði kort af umfangi óbyggðra víðerna og svæða sem njóta verndar ~~haft til hljóðsinnar~~ **lagt til grundvallar.**

5. Stefna um verndun víðerna hálandisins verði eftir því sem við á útfærð með hverfisvernd, m.a. þannig að þau svæði verði hverfisvernduð sem tilgreind eru í ~~verndarflekk-áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða og~~ náttúruverndaráætlun á **meðan unnið er að stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Með tilkomu hans verði svæðin færð í viðeigandi friðlýsingarflokka.** (M)

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

ATH: Um friðlýsingu svæða í verndarflokki RÁ er fjallað í 6. gr. laga um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 48/2011. Þar segir að „Stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Um friðlýsingu vegna náttúruverndar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd en um friðlýsingu vegna menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.“ **Ákvæði um aðra og léttvægari vernd í landsskipulagsstefnu kemur því ekki til.**

## Áhersla A.6

1. ~~Skipulagsákvæðanir um landnotkun og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu á miðhálandinu grundvallast á sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda og verndun víðerna og líffræðilegrar fjölbreytni.~~ Innan miðhálandisins verði ekki reistar fleiri virkjanir né heldur farið í frekari vatnaveitingar til orkuvinnslu. Þar verði ávallt staðinn vörður um umhverfisvernd; þ.á.m. vernd víðerna, landslagsheilda, jarðminja og líffræðilegrar fjölbreytni. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins og verði þar af leiðandi ávallt utan hálandismarka.

2. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýlil, sé sýnt fram á að þeirra sé þörf, með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

3. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði ~~leitast við~~ **þess gætt** að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni.

## Áhersla B.3

Skipulag tryggi tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvæðanir um nærumhverfi sitt.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. (M, D, Þ, H)

2. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika ólíkra félagshópa til þátttöku. (M, D, Þ, H)

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

3. Hugað verði að skýrri og góðri framsetningu skipulagsgagna sem auðvelda almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra. (M, D, P, H)

***Undir þessa áherslu á gott samráð taka Eldvötn heils hugar, en ítreka um leið það sem fram kemur í fyrsta hluta umsagnar þessarar; að samráði við ferli landsskipulagsendurskoðunarinnar er mjög ábótavant og alls ekki í þeim anda sem hér er lýst. Að því sögðu mælast samtökin til þess að þingályktunartillögunni verði vísað frá og hún undirbyggð betur, í góðu samstarfi við hagaðila.***

## Áhersla B.4

1. Viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á miðhálandinu stuðli að ~~góðu aðgengi að hálandinu~~ og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta, með ~~orkuskipti~~ **vernd víðerna og óbyggðaupplifun** að leiðarljósi. Samgöngukerfi miðhálandisins verði ~~þróað, til að mynda með útfærslu einstakra stefnavega~~ og **haldið lágstemmdu, í takt við framangreint, og samhliða því tekið tillit til öryggishlutverks þeirra þess vegna náttúruvár.** (M)

3. ~~Sveitarfélög á miðhálandinu~~ **Undir forystu Forsætisráðuneytisins,** [sem fer með forræði þjóðlendna], ~~geri grein fyrir og verði mark~~ **mörkuð stefna um þjóðvegi á miðhálandinu, þ.e. stofnvegi og landsvegi, í aðalskipulagi** í samráði við **hagaðila; þ.á.m. frjáls félagasamtök á vettvangi umhverfisverndar og útivistar sbr. ákvæði Árórsarsamningsins um aðkomu almennings að ákvörðunum er varða náttúru- og umhverfisvernd,** Vegagerðina o.fl., í samræmi við lög um náttúruvernd. Skipulagsákvæði um vegi á miðhálandinu feli í sér að vegaframkvæmdum verði haldið í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. (M)

***Greinargerð: Fullkomnlega ótækt er, að mati Eldvatna, að sveitarfélögunum, þar sem nýtingarhaagsmunir hafa of víða og oft ráðið för, sé fært það vald að marka stefnu um vegakerfi miðhálandisins. Landsskipulagsstefnan er stefnumótandi áætlun sem sveitarfélögunum ber skv. lögunum að taka mið af við sína skipulagsgerð. Þá benda samtökin á að miðhálandi Íslands er aqanumaqanaandi þjóðlenda, sem stjórnarsýslan ætti að endurspeqla með skýrari og meira afgerandi hætti en raunin er.***

4. Við skipulagsgerð verði leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamáta þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. **Þetta verði unnið í takt við bestu þekkingu á stýringu ferðamanna á víðernasvæðum á hverjum tíma, með áherslu á öræfakýrrð og víðernaupplifun.**

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

## Áhersla B.5

2. Við umhverfismat kerfisáætlunar verði lagt mat á áhrif mismunandi kosta varðandi legu og útfærslu raforkuflutningsmannvirkja á víðerni og náttúru hálandisins. **Vegna ákvæða um vernd víðerna í náttúruverndarlögum komi lagning loftlína er skerði þau innan miðhálandismarka þó ekki til greina, og geta því eingöngu jarðstrengir komið þar til skoðunar.** ~~Á miðhálandinu taki slíkt umhverfismat til kosta sem felast í lagningu jarðstrengja auk loftlína.~~ (M)

3. Við skipulagsgerð verði tekið mið af tengingu við flutningskerfi raforku og áhrifaum þess á **umhverfið**; náttúrugæði, **víðerni** og ~~umhverfisvernd~~ **landslag, haldið í algjöru lágmarki.**

4. Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki í dreifbýli geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru, **víðerna** og landslag. (D)

5. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru, **víðerni** og landslag. Við skipulagsákvæðanir um lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. (D)

*Síðari setninguna telur stjórn Eldvatna ekki eiga heima í landsskipulagsstefnu, þ.e. þessi þáttur er mjög skýr í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

## Áhersla B.6

~~1. Við ákvæðanir um mannvirkjagerð á miðhálandinu verði tekið tillit til hættu sem talin er stafa af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. (M)~~

~~2. Í skipulagi í dreifbýli verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Við skipulagsgerð verði sérstaklega verið hugað að aukinni náttúruvá af völdum aukinnar eldvirkni og loftslagsbreytinga. (D)~~

*Það sem hér að ofan er tekið út er að mati stjórnar Eldvatna nægilega skýrt í skipulagslögum og -reglugerð.*

## Áhersla C.1

1. Í skipulagi dreifbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda og auki bindingu kolefnis, svo sem ~~skógrækt~~, endurheimt votlendis og jarðvegs. (D)



# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

5. Í skipulagi í þéttbýli verði sett stefna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis innan þéttbýlismarkna, svo sem hvað varðar verndun votlendis, **jarðvegs skógrækt** og bindingu kolefnis í berggrunni. (P)

*Stjórn Eldvatna bendir á að þáttur skógræktar, gjarnan með erlendum trjátegundum, við bindingu kolefnis er stórlega ofmetinn, og vísar til umsagnar VÍN (Vinafélgs íslenskrar náttúru) um þingsályktunartillögu þessa því til stuðnings og nánari útlíunar.*

*Þá vill stjórn Eldvatna nefna að klausan úr 7. punkti; „til bindingar kolefnis verði í sátt við umhverfi og náttúru“ mætti gegnumgangandi koma fram í öllum töluliðum áherslunnar.*

## Áhersla C.2

1. Skipulagsákvæðanir um landnotkun og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu á miðhálandinu grundvallist á sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda og verndun víðerna, **landslags, jarðminja, gróðurs** og líffræðilegrar fjölbreytni. **Ekki verði farið í frekari orkuvinnslu nema raunveruleg þörf krefji.** Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins. (M)

3. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. **Ekki verði farið í frekari orkuvinnslu nema raunveruleg þörf krefji.** Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (D)

6. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að velja þá kosti sem ~~hægt er að nýta sem fyrst~~ eru hagkvæmir og valda sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. **Ekki verði farið í frekari orkuvinnslu nema raunveruleg þörf krefji.** (D, P)

8. Nýting vistvænna orkuauðlinda á haf- og strandsvæðum verði í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérkenni svæða og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar nýtingar. (H)

**Undir þennan lið tekur stjórn Eldvatna og leggur til að ákvæðið verði sett inn í alla töluliði áherslunnar.**

## Áhersla C.3

1. Skipulag og önnur áætlanagerð um landnotkun í dreifbýli skapi forsendur fyrir nýtingu vindorku eftir því sem **raunveruleg þörf krefur og** aðstæður leyfa, í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um **víðerni**, sérstætt landslag, **jarðminjar**, lífríki **og náttúru og umhverfi almennt, auk þess sem** ~~og~~ tekið skal tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar. (D)

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

3. Við staðarval og ákvörðun um útfærslu vindorkuvera varðandi fjölda, stærð og niðurröðun vindmylla verði leitað við áhersla lögð á að lágmarka áhrif á landslag og víðerni. Tekið verði mið af einkennum landslags, svo sem ráðandi línur, landformum og hlutföllum í landslagi svæðis. (D)

4. Við staðarval vindorkukosta, skipulagsákvæðanir, umhverfismat og leyfisveitingar verði tekið mið af stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku og þeim viðmiðum sem sett verða um staðsetningu, fjölda og stærð vindorkuvera og um áhrif á umhverfi og samfélag, ekki síst landslag, víðerni, jarðminjar, gróður og aðra þætti er njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum nærsamfélags, mikilvæg fuglasvæði og farleiðir fugla, auk nærsamfélags. (D)

5. Nýting vistvænna orkuauðlinda á haf- og strandsvæðum verði í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérkenni svæðis og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar nýtingar. (H)

**Undir þennan lið tekur stjórn Eldvatna og leggur til að ákvæðið verði sett inn í alla töluliði áherslunnar.**

## Áhersla C.7

1. Í skipulagi verði uppbygging ferðamannaáðstöðu takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins ~~og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi þess.~~ Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

— Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við **meginleiðir um hálandið, og þá ávallt í jaðri þess** ~~stefnivegi inn á hálandið og í jaðri þess jaðar hálandisins.~~

— Hálandismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálandið.

— Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.

— Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks. (M)

2. Við skipulagsgerð verði stuðlað að því að við uppbyggingu mannvirkja og þjónustu verði tekið tillit til þolmarka náttúru, innviða, ferðamanna, **og samfélags; þau lögð til grundvallar og við ákvörðun um** aðgengi ákvarðað í samræmi við þau. Hugað verði að varðveislu landslags sem aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálandinu verði jafnframt viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggi að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. **Vernd víðerna hálandisins skal ávallt vera í fyrirrúmi.** (M)

5. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu og ferðamannastaði byggist á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. **Viðbragðsáætlanir verði gerðar um aðgerðir til að bregðast við því ef þessum þolmörkum verður náð.** (D)

6. **Skipulag** ~~Uppbygging~~ ferðaþjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. (D, Þ)

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

7. ~~Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu~~ Skipulag ferðþjónustu og uppbygging ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna. (D, Þ, H)

10. Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðþjónustu og ferðamannastaða byggist eins og kostur er á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. Sérstaklega sé hugað að áhrifum ferðamennsku á húsnæðismarkað og þjónustuframboð. **Viðbragðsáætlanir verði gerðar um aðgerðir til að bregðast við því ef þessum þolmörkum verður náð.** (Þ)

11. Við skipulag haf- og strandsvæða verði mótuð umgjörð fyrir starfsemi ferðþjónustu sem tekur jafnframt tillit til þolmarka náttúru, innviða og samfélags, meðal annars í tengslum við umferð skemmtiferðaskipa. **Viðbragðsáætlanir verði gerðar um aðgerðir til að bregðast við því ef þessum þolmörkum verður náð.** (H)

## 5. AÐGERÐAÁÆTLUN

6. Stefnuþóttun um vegakerfi miðhálandisins.

— Verkefnismarkmið: Að þróa stefnu um samgöngur á miðhálandinu með tilliti til aðgengis og ~~orkuskipta~~ **vistvænna ferðamáta. Stefnan verði unnið í takt við bestu þekkingu á stýringu ferðamanna á víðernasvæðum á hverjum tíma, með áherslu á öræfakýrrð og víðernaupplifun.**

— Stutt lýsing: Unnið verði að greiningu á ástandi vega á miðhálandinu og lagt mat á mismunandi kosti við þróun samgöngukerfis miðhálandisins og útfærslu vega á miðhálandinu. Mótuð verði stefna um ~~uppbyggingu~~ **vegsamgöngaaöngur** í samræmi við gildi miðhálandisins í náttúrufarslegu og landslagslegu tilliti. Lögð verði áhersla á ~~orkuskipti í samgöngum~~ **vistvænar samgöngur og m.t.t. mögulegs öryggishlutverks vegna náttúruvár.**

*Í dæmi um samstarfsaðila ætti að bæta við Forsætisráðuneytinu, Vatnajökulsþjóðgarði og frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfisverndar og útivistar, sbr. ákvæði Árórsarsamningsins um aðkomu almennings að ákvörðunum er varða náttúru- og umhverfisvernd.*

12. Uppbygging ferðþjónustumannvirkja á hálandinu.

— Verkefnismarkmið: Að uppbygging ferðþjónustumannvirkja verði innan þolmarka hálandisins og unnin í takt við bestu þekkingu á stýringu ferðamanna á víðernasvæðum á hverjum tíma, með áherslu á öræfakýrrð og víðernaupplifun.

— Stutt lýsing: Þjónustustig svæða á hálandinu verði endurskilgreint til að ~~meta~~ **sporna við mögulegri** aukinni eftirspurn. Við ~~uppbyggingu~~ **skipulag** verði þess gætt að skerða sem minnst óbyggðaupplifun, **viðerni**, landslag og **önnur** náttúrugæði. Mikilvægt verði að greina þolmörk helstu áfangastaða miðhálandisins, þ.e. þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna og samfélags, og meta á þeim grunni hvort þörf sé á að breyta áherslum í mannvirkjagerð fyrir næstu endurskoðun

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

landsskipulagsstefnu. Viðbragðsáætlanir verði gerðar um aðgerðir til að bregðast við því ef þessum þolmörkum verður náð.

*Í dæmi um samstarfsaðila ætti að bæta við Forsætisráðuneytinu og frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfisverndar og útivistar, sbr. ákvæði Árórsamningsins um aðkomu almennings að ákvörðunum er varða náttúru- og umhverfisvernd.*

13. Kortlagning **óbyggðra** víðerna.

— Verkefnismarkmið: Að ljúka kortlagningu **óbyggðra** víðerna.

— Stutt lýsing: Lokið verði vinnu við kortlagningu **óbyggðra** víðerna út frá þeim viðmiðum sem sett eru fram í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013. Kortlagning víðerna verði uppfærð reglulega og gerð aðgengileg fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga og annarra aðila.

**Orðinu „óbyggðra“ er hér þrívægis bætt inn, til samræmingar við 73. gr. a náttúruverndarlaga nr. 60/2013.**

15. Skipulag og leyfisveitingar vegna vindorkuvera.

— Verkefnismarkmið: Að útbúa leiðbeiningar um skipulagsgerð og vindorkunýtingu.

— Stutt lýsing: Unnið verði að gerð leiðbeininga um skipulagsgerð og vindorkunýtingu þar sem fjallað verði um staðarval og umhverfismat ásamt öðrum þáttum sem snúa að leyfisveitingum. Lögð verði áhersla á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum til þess að tryggja örugga afhendingu orkunnar. Einnig verði lögð áhersla á að breið sátt ríki um uppbyggingu vindorkuvera og tillit sé tekið til sjónrænna áhrifa, **vernd víðerna og landslags, dýralífs og annarrar náttúru, m.a. þeirrar er nýtur sérstakrar verndar, s.s. gróðurs og jarðminja.**

*Í dæmi um samstarfsaðila ætti að bæta við Forsætisráðuneytinu og frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfisverndar og útivistar, sbr. ákvæði Árórsamningsins um aðkomu almennings að ákvörðunum er varða náttúru- og umhverfisvernd.*

18. Endurskoðun á lagaumgjörð skipulagsmála.

— Verkefnismarkmið: Unnið verði að heildarendurskoðun á skipulagslögum og skipulagsreglugerð.

— Stutt lýsing: Ráðist verði í heildstæða endurskoðun á skipulagslögum með það að markmiði að einfalda löggjöfina og ferill skipulagsmála í heild gerður skilvirkari. Horft verði til þess að samþætta skipulagsferla og bygginga og framkvæmdaleyfisferla til að stuðla að einfaldari stjórnsýslu, leyfaútgáfu og lækkun byggingarkostnaðar. Ef kostur er skal leitast verið við að auka

## Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

sveigjanleika, með hliðsjón af reynslu nágrannabjóða, án þess að **vernd náttúru og umhverfis, almennt öryggi**, réttaröryggi og gæði byggðar sé skert.

***Leitað verði leiða til að bæta skipulagsmál miðhálandisins, þannig að landeigandinn – þjóðin – hafi sterkari aðkomu. Umsýsla og ráðstöfun þjóðlendnanna á miðhálandinu ætti að mati Eldvatna að vera í höndum samstarfsnefndar (eða stjórnar) um málefni þeirra, sem skyldi útfæra í samræmi við það, enda hlýtur að orka tvímælis að nokkur sveitarfélög hafi skipulagsskyldu/-ábyrgð á landi sem er jafnri í eigu allra landsmanna.***

19. Flokkun landslagsgerða og leiðbeiningar um landslagsgreiningu.

***Í dæmi um samstarfsaðila ætti að bæta við Forsætisráðuneytinu og fjálsamfélagasamtökum á sviði umhverfisverndar og útivistar, sbr. ákvæði Árórsarráðsins um aðkomu almennings að ákvörðunum er varða náttúru- og umhverfisvernd.***

Hvað þingsályktunartillöguna í heild sinni varðar telja Eldvötn hana nýtingarmiðaðra en æskilegt getur talist og veltir stjórnarfolk því fyrir sér hvort það dragi með því dóm af því að samráð við gerð þessarar skipulagsstefnu hefur verið með minnsta móti. Eldvötn furða sig, í því samhengi, mjög á þeirri klausu í skjalinu þar sem segir: „Áhersla B.3: Skipulag tryggir tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt.“ Raunin er sú við feril og vinnu þessa skjals að í miðju ferli þess var reglugerð við hana breytt á þann hátt að aðkoma félagasamtaka að samráðshópi var tekin út. Eins var ekki áberandi í umræðu að grænbók og hvítbók væru í raun hluti af endurnýjun Landsskipulagsstefnu og því lá ekki beint við að fólk áttaði sig á nauðsyn þess að koma með athugasemdir á þeim stigum og að sama brunn ber áberandi skortur á kynningarefni og kynningar- og samráðsfundum.

Eldvötn benda á þá staðreynd að á heimsvísu er miðhálandi Íslands eins og það er í dag, með lítt snortnum víðernum, mögulega það verðmætasta sem íslensk þjóð ber ábyrgð á og að vernd þess er mikið hagsmunamál fyrir framtíðar kynslóðir héraðs sem erlendis. Uppbyggðir stofnvegir og miðstöðvar inni á sjálfu hálandinu en ekki aðeins á jöðrum þess, svo dæmi séu tekin, væru miklar breytingar frá núverandi ástandi. Hvað þessar breytingar varðar er í þingsályktunartillögunni talað um að sveitarfélög muni sjá um skipulag nánari útfærslna innan sinnar skipulagslögsögu. Eldvötn benda á að þegar jafn mikilvægur þáttur og miðhálandi Íslands á í hlut, þá er það umhugsanefni að breytingar á ásjón þess og aðgengi séu settar í hendur sveitarfélaga með þessum hætti. Hálandi Íslands er þjóðlenda og varðar því alla landsmenn jafnt. Það má vel færa fyrir því rök að það að skipulagsábyrgð fámennra sveitarstjórna taki yfir landsskipulagsstefnu sé óeðlilegt og beinlínis ávísun á hnignun náttúruverðmæta þar sem nýtingarsjónarmið í litlum

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

---

sveitarfélögum verða iðulega ofan á. Ekki síst ef nýting náttúru á hálendinu skilar peningum beint í sjóði burðarlítilla sveitarfélaga, svo sem sagan hefur því miður svo ítrekað sýnt.

Síðast en ekki síst leggur stjórn Eldvatna þunga áherslu á að gegnumgangandi þarf náttúran að liggja til grundvallar skipulagsákvörðunum og ávallt njóta alls vafa. Víðernavernd hálendisins getur aldrei og mun aldrei samræmast ágengri nýtingarstefnu.

Og enn skal sagt að **náttúruvernd er nýting í sjálfu sér.**

F.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir, formaður

netf. eldvotn@gmail.com